

Ár 1980, þriðjudaginn 16. september, var í málinu nr. 8/1980 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að í landi Úlfljótsvatns í Grafningi eru þrjár byggingar í eigu skátasamtaka. Er þar um að ræða skátaheimili, metið á kr. 7.542.000,- í gildandi fasteignamati, skátaheimili, metið á kr. 3.354.000,-, og svefnskála, metinn á kr. 15.552.000,-. Með bréfi, dags. 4. febrúar s.l., óskaði oddviti Grafningshrepps eftir úrskurði nefndarinnar um það, hvort mannvirki þessi nytu undanþágu frá fasteignaskatti.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, eru umræddar húseignir nýttar í þarfir skátaskóla og sumarhúða fyrir börn og unglinga. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga njóta barnaheimili og skólar undanþágu frá fasteigna skatti. Telja verður að umræddar húseignir fullnægi þessu og öðrum skilyrðum 5. gr. laga nr. 8/1972 fyrir undanþágu frá fasteignaskatti.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :


Eigi er skylt að svara fasteignaskatti af ofangreindum húseignum skátasamtaka að Úlfljótsvatni í Grafningi.



Gaukur Jörundsson.



Pétur Stefánsson.



Guðmundur Magnússon.